

Lög Kennarafélags Menntaskólans á Akureyri

Nafn

1. gr.

Félagið heitir Kennarafélag Menntaskólans á Akureyri. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

Hlutverk

2. gr.

Hlutverk félagsins er að:

- fara með málefni félagsmanna Kennarasambands Íslands er starfa við MA, í samráði við Félag framhaldsskólakennara
- standa fyrir faglegri umræðu meðal kennara MA
- kjósa fulltrúa á fulltrúafund Félags framhaldsskólakennara, aðalfund Félags framhaldsskólakennara og á þing Kennarasambands Íslands samkvæmt 7. og 8. laga Félags framhaldsskólakennara
- kjósa trúnaðarmenn
- kjósa fulltrúa í samstarfsnefnd skólans

Aðild

3. gr.

Félagsmenn eru allir félagsmenn Félags framhaldsskólakennara sem starfa við MA.

Aðalfundur

4. gr.

Aðalfundur Kennarafélags MA skal haldinn árlega. Allir félagsmenn hafa jafnan atkvæðisrétt á aðalfundi og rétt þar til setu. Boða skal til aðalfundar með skriflegri auglýsingu innan skólans með að minnsta kosti viku fyrirvara. Í auglýsingunni skal dagskrá aðalfundar tilgreind.

Dagskrá aðalfundar

5. gr.

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar félagsins
3. Stjórnarkjör
4. Lagabreytingar
5. Starfsáætlun næsta árs
6. Önnur mál

Almennir félagsfundir

6.gr.

Stjórn félagsins getur boðað til almennra félagsfunda. Skyld er að boða tafarlaust til almenns fundar ef 10% félagsmanna eða fleiri krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni.

Stjórn

7. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 aðalmenn; formaður, ritari, gjaldkeri, meðstjórnendur og 2 varamenn. Trúnaðarmaður skal eiga sæti í stjórn félagsdeildar. Kjörtímabil stjórnar er eitt ár og skal hún kosin á aðalfundum. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Hlutverk stjórnar

8. gr.

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess milli aðalfunda og ber ábyrgð á allri starfsemi þess. Formaður ber ábyrgð á daglegri starfsemi félagsins og hefur yfirumsjón með rekstri þess.

Um gjörðabækur

9. gr.

Ritari félagsins heldur gjörðabækur og skulu fundagerðir samþykktar á stjórnarfundum, undirritaðar af ritara og formanni.

Fjárreiður og bókhald

10. gr.

Stjórn Félags framhaldsskólakennara ákveður reglur um fjárframlög til félagsdeilda, upphæð þeirra og skiptingu. Félagsdeildir skulu hafa sér eigin kennitölu og bankareikning.

Formaður og gjaldkeri félagsdeildar bera ábyrgð á að standa skil á fjárframlögum FF til þeirra sem þar sinna trúnaðarstörfum fyrir kennara. Heimilt er stjórn félagsdeildar að setja sérstakar reglur um hvenær þessar greiðslur eru inntar af hendi og um viðmið fyrir þeim. Þessar reglur skulu samþykktar af stjórn FF.

Gjaldkeri hefur umsjón með fjárreiðum félagsdeildar og bókfærslu og leggur fram endurskoðaða reikninga á aðalfundi. Auk þess skal hann gefa stjórn og félagsfundi yfirlit yfir stöðu félagsins minnst einu sinni á ári.

Lagabreytingar

11. gr.

Lögum þessum má breyta á aðalfundi félagsins enda hafi breytingarnar verið kynntar í fundarboði. Til þess að breyting nái fram að ganga verður hún að hljóta samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða. Gæta skal þess að lög kennarafélags MA stangist ekki á við lög Félags framhaldsskólakennara og lög Kennarasambands Íslands.

Gildistaka

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar aðalfundur Kennarafélags MA hefur samþykkt þau. Lög félagsdeilda skulu send stjórn Félags framhaldsskólakennara til staðfestingar.

Um slit og eignir

13. gr.

Verði félaginu slitið renna eignir þess til Kennarasambands Íslands eða arftaka þess.

Lög félagsdeildar voru fyrst samþykkt á stofnfundi félagsins 22. september 2000.

Lög félagsdeildar voru síðast endurskoðuð á aðalfundi félagsins 8. október 2010.